



## Fundur í velferðar- og fræðslunefnd

**28. fundur velferðar- og fræðslunefndar Langanesbyggðar, haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar að Langanesvegi 2, þriðjudaginn 5. apríl 2022 kl. 14:00.**

**Mætt voru:** Þórarinn Þórisson formaður, Karítas Ósk Agnarsdóttir í fjarfundarsambandi, Sólveig Sveinbjörnsdóttir, Gréta Bergrún Johannesdóttir, Jónas Egilsson sveitarstjóri og Björn S. Lárusson skrifstofustjóri sem einnig ritaði fundargerð..

Einnig sátu eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Árni Davíð Haraldsson staðgengill skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn og Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir skólastjóri Barnabóls. Magdalena Zawodna fulltrúi kennara við Grunnskólann, Jenneke Mölleru fulltrúi annars starfsfólks í Grunnskólanum.

Jón Helgi Björnsson forstjóri HSN var í fjarfundarsambandi kl. 15.

Formaður setti fund og stjórnaði. Hann spurði hvort athugasemd væri gerð við fundarboð og dagskrá. Svo var ekki og því var gengið til dagskrár.

## Fundargerð

### Fræðslumál

#### **1. Pisa 2022 – bréf frá mennta- og barnamálaráðuneyti.**

Bréf frá mennta- og barnamálaráðuneyti um þátttöku í PISA könnuninni.

Lagt fram til kynningar. Pisa könnunin fór fram í grunnskólanum 21. mars.

#### **2. Samningur um samvinnu sveitarfélaga á sviði skóla og fræðsluþjónustu.**

Uppfærður samningur sveitarfélaga í Þingeyjarsýslu um samvinnu sveitarfélaga á sviði skóla- og sérfræðiþjónustu í leik- og grunnskóla.

Samningurinn lagður fram til kynningar.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að hafa samband við yfirstjórn Norðurþings og fá sent yfirlit yfir þjónustu skv. 6. gr. samningsins.

Samþykkt samhljóða.

#### **3. Verkefni skv. starfsfáætlun, sjá hjálagt.**

Tímalína verkefna hvers árs. Skóladagatal og starfsfáætlun eða drög að henni verður lögð fram á næsta fundi nefndarinnar.

#### **4. Starfsmannamál grunnskólinn veturinn 22-23**

Skýrsla skólastjóra um starfsmannamál grunnskólans veturinn 2022 - 2023



## 5. Önnur mál

Skólastjóri Barnabóls kallaði eftir svörum varðandi yngstu börnin og aðstöðu fyrir þau s.s. girðingu, lóðamál og rými innanhúss. Sveitarstjóri mun boða skólastjóra á fund hið fyrsta vegna málsins.

### Velferðarmál

## 6. Jón Helgi Björnsson forstjóri HSN verður í fjarfundarsambandi kl. 15:00

Fundur með Jóni Helga Björnssyni um heilbrigðisþjónustuna, skipulag, stöðu og framtíðarsýn.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin hvetur sveitarstjórn til að standa vörð um heilbrigðisþjónustuna í dreifbýli og jafnframt að minna ráðuneyti heilbrigðismála á nauðsyn t.a.m. sérfræðiþjónustu úti á landi.

## 7. Innleiðing barnaverndarlaga.

Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 30. mars 2022 til mennta- og barnamálaráðherra um frestun á gildistöku barnaverndarlaga.

„Stjórnin lýsir ánægju með að ráðherra hefur fallist á að fresta gildistöku ákvæða í lögnum sem fjalla um barnaverndarþjónustu og umdæmisráð, en leggur jafnframt áherslu á að sá frestur sem veittur er nýtist til að skipuleggja fyrirkomulag umdæmisráða“:

## 8. Aðgengismál fatlaðra.

Lög fram gögn frá íþróttá og tómstundafulltrúa sem sótti námskeið á vegum Sjálfsbjargar og HMS fyrir „Aðgengisfulltrúa“ sveitarfélaga. Kynning á verkefninu „Aðgengi að lífinu“.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin lýsir yfir ánægju sinni með að þessi vinna við aðgengi fatlaðra er farin af stað og hvetur sveitarstjórn til að vinna málinu brautargengi.

Samþykkt samhljóða.

## 9. Önnur mál

Fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 15:45.